

Sp.

94. Tillaga til þingsályktunar

[59. mál]

um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Adda Bára Sigfúsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á ákvæðum laga um almannatryggingar frá 28. marz 1956 um upphæð og greiðslu barnalífeyris. Einkum sé athugað, hvort unnt sé:

1. að greiða lífeyri með barni látinnar móður á sama hátt og nú er gert með barni látins föður,
2. að heimila að greiða tvöfaldan barnalífeyri vegna munaðarlausra barna,
3. að hækka grunnupphæð lífeyrisins um allt að 50%.

Greinargerð.

Í núgildandi lagaákvæðum um barnalífeyri er gert ráð fyrir, að barnalífeyrir sé greiddur með barni, ef faðirinn er látinn eða annað hvort foreldranna elli- eða örorkulífeyrisþegi. Með barni látinnar móður er ekki greiddur lífeyrir, nema sérstaklega standi á, og með munaðarlausu barni er heimilt að greiða upphæð, sem er 50% hærri en með barni, sem misst hefur föður sinn. Eðlilegast væri, að ákvæðin um barnalífeyri byggðust á þeirri staðreynd, að báðir foreldrarnir eru jafnábyrgir framfærendur barnsins, og rétt er að lita þannig á, að þau framfæri barnið að hálfu hvort um sig. Sé þetta sjónarmið viðurkennt, á að greiða barnalífeyri með barni, sem misst hefur móður sína, á sama hátt og greitt er með barni, sem misst hefur föður sinn, og með munaðarlausu barni ber að greiða tvöfaldan lífeyri.

Grunnupphæð barnalífeyris er nú 2400 kr. á 1. verðlagssvæði. Með vísitölu eru þetta 376 kr. mánaðarlega, og hljóta allir að sjá, að þessa upphæð er nauðsynlegt að hækka, ef hún á að koma einstæðu foreldri að raunverulegu liði við umönnun barns síns. Grunnupphæð barnalífeyrisins hefur staðið óbreytt, frá því er tryggingalögin frá 1946 voru sett. Aðrar bætur skv. lögnum hafa hins vegar verið hækkaðar um 30%. Lágmarkskrafa væri, að barnalífeyrir hækkaði í sama mæli og þessar bætur. Við förum hins vegar fram á, að athugað verði, hvort unnt sé að hækka barnalífeyrinn um 50%, þannig að upphæð hans yrði á mánuði 564 kr. Sú upphæð getur varla á þessum tímum talizt ofætlaður styrkur til að búa betur að þeim borgurum, sem eru á viðkvæmasta skeiði og eiga erfiðastar aðstæður.